

Endurrit hluthafafundar í Eglu hf.

Fimmtudaginn 16. janúar 2003, kl. 10.00 árdegis, er haldinn hluthafafundur í Eglu hf. að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík. Til fundarins eru mættir fulltrúar allra hluthafa félagsins: Finnur Ingólfsson f.h. Vátryggingafélags Íslands hf., Ólafur Ólafsson f.h. Kers hf., og Peter Gatti og Michael Sautter f.h. Hauck Aufhäusen Privatbankiers KGAA

Stjórnarmaður Ólafur Ólafsson setti fundinn og tók að sér fundarstjórn. Lögmanni félagsins Stefáni Þór Ingimarssyni hdl. var falið ritun fundargerðar. Með vísan til mætingar á fundinn var enginn vafi um lögmæti hans.

Á dagskrá voru þrjár tillögur, tvær um breytingar á samþykktum félagsins, sem fela það í sér breytingu á orðalagi 3. gr. um tilgang félagsins, í þá veru að tilgangur félagsins verði aðeins sá að vera eignarhaldsfélag um hluti keypta af félaginu í Búnaðarbanka Íslands hf. í samræmi við ákvæði kaupsamnings við Ísenska ríkið dags. 16. janúar 2003. Gerð er tillaga að því að stytta greinina að öðru leyti. Í öðru lagi er gerð tillaga að styttingu á 5. gr. samþykktanna, sem nemur síðustu setningu þeirra, til lagfæringar á orðalagi. Að öðru leyti eru ekki gerðar efnisbreytingar á samþykktum félagsins.

Tillögurnar tvær voru kynntar ítarlega af fundarstjóra og síðan ræddar af fundarmönnum. Að lokum voru þær bornar undir fundinn og samþykktar samhljóða með atkvæðum allra hluthafa félagsins.

Þriðja tillagan var um breytingu á skipun varamanns stjórnar félagsins, en Guðmundur Hjaitason mun láta af störfum sem varamaður stjórnar.

Tillagan var kynnt af fundarstjóra og síðan rædd af fundarmönnum. Með vísan til nýrra samþykktu félagsins fór fram stjórnarkjör. Tillaga komu fram um eftirgreindan sem varamann í stjórn félagsins: Finnur Ingólfsson.

Aðrar tillögur komu ekki fram og er hann því sjálfkjörnir til trúnaðarstarfa.

Lögmanni félagsins var falið að tilkynna Hlutafélagaskrá um fyrirnefndar breytingar á skipan stjórnar og um nýjar samþykktir.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá og var fundi slitið kl. 10.30. Fundargerð var lesin upp og samþykkt.


